

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 94/2000

frá 27. október 2000

um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi)
við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XIII. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 69/2000 frá 2. ágúst 2000⁽¹⁾.
- 2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEDIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 56g (tilskipun ráðsins 97/70/EB) í XIII. viðauka við samninginn:

„56h. **399 L 0095:** Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB frá 13. desember 1999 um framkvæmd ákvæða um vinnutíma sjómanna á skipum sem fara um hafnir í bandalaginu (Stjtíð. EB L 14, 20.1.2000, bls. 29).“

⁽¹⁾ Stjtíð. EB L 250, 5.10.2000, bls. 52 og EES-viðbætur við Stjtíð. EB nr. 44, 5.10.2000, bls. 5.

⁽²⁾ Stjtíð. EB L 14, 20.1.2000, bls. 29.

2. gr.

Texti tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 1999/95/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 28. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 27. október 2000.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

G. S. Gunnarsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

P.K. Mannes

E. Gerner

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.